

Nd.

318. Frumvarp til laga

[123. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Í stað orðanna „og ekki hærrí en 12 af þúsundi“ í 1. gr. laganna komi: og ekki hærrí en 10 af þúsundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1947 var hámark álagningar vegna sýsluvegasjóða gegn tilskildu framlagi ríkissjóðs hækkað um 2% eða úr 10% í 12%, og komu ákvæði þessi til framkvæmda þegar á því ári. Reynsla tveggja undanfarinna ára hefur leitt í ljós, að þessi hækkun er með öllu ófullnægjandi, og nú er svo komið, að sýsluvegasjóðsgjald það, sem lögin heimila að leggja á, gerir lítið meira en hrökkva fyrir sýsluvegaviðhaldinu einu saman. Þetta er ekki annað en það, sem búast mátti við. Akfærir sýsluvegir lengjast stöðugt og umferð bifreiða eftir þessum vegum hraðvex, en hvort tveggja krefst aukins vegaviðhalds, sem ekki tjáir að vanrækja. Afleiðing þess, að nær ekkert verður eftir af sýsluvegasjóðsfé til nýbygginga, þegar lokið er að greiða vegaviðhaldskostnaðinn, hefur orðið sú, að mörg sveitarfélög hafa neyðzt til að taka stórfé á þeirra mælikvarða að láni til þess að þoka áfram nýbyggingu sýsluvega í hreppunum, sem koma einstökum bæjum og byggðarlögum í það akvegasamband, að unnt sé að koma búsafurðum þaðan daglega á markaðinn með kleifum kostnaði. Þessi vegagerð forðar því, að þessir bæir og byggðarlög fari í eyði sökum vegaleysis. Það er því ekki ófyrirsynju, að lagt er til, að sýslunefndum sé heimilað að hækka sýsluvegasjóðsgjöldin gegn því framlagi ríkissjóðs, er lögin ákveða.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt mjög eindreginni áskorun sýslunefndar Skagafjarðarsýslu. Áskoranir í sömu átt hafa einnig verið samþykktar af mörgum öðrum aðilum, er þessi mál varða sérstaklega.